

Markmið áfangans

Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- geti unnið úr tölfræðilegum gögnum á skipulegan hátt
- geti túlkað og metið tölfræðilegar upplýsingar á gagnrýninn hátt
- kynnist líkindafræði og líkindadreifingu
- kynnist hvernig hægt er að nota úrtak til að gera tölfræðilegt mat á þýði
- geti fundið öryggisbil fyrir þýði
- kynnist fylgni milli tveggja breyta og geti reiknað fylgnistuðla

Einnig er stefnt að því að nemendur kynnist notkun tölfræðiforrita við úrvinnslu og lausn verkefna.

Kennslubækur og önnur kennslugögn

Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson (6.útg. endurpr. 2015).
Vasareiknivél.
Rúðustrikuð blöð eða bækur A-4.
Reglustika.

Lotupróf/Verkefnaskil/Vinnubók

Á önninni verða lögð fyrir 3 **lotupróf** og nokkur **heimaverkefni** þar á meðal **vinnubók** sem skila á fyrir miðja önn. Nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum heimaverkefnum á réttum tíma. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í samráði við kennara við fyrsta tækifæri. Sé lotupróf ekki tekið eða heimaverkefni ekki skilað þá er gefin einkunnin núll fyrir það.

Við ákvörðun annareinkunnar og lokaeinkunnar er litið til verkefnaskila og árangurs í þeim, árangri í lotuprófum og virkni í tímum/heima.

Námsmat

Lotupróf, heimaverkefni og vinnubók (annareinkunn) gilda 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

vægi lokaprófs er:	70 %
vægi lotuprófa er:	20 %
vægi vinnubókar er :	5 %
vægi heimaverkefna er:	5 %

Nái nemandi meðaleinkunn **6,5** eða hærra í öllum lotuprófunum(má fá minna í einu prófi) sem tekin hafa verið á tilsettum tíma og skilað heimaverkefnum tímanlega,þar með talið vinnubók, og fengið meðaleinkunn **6,5** eða hærra í þeim og einnig mætt vel í kennslustundir og verið vel virkur í námi alla önnina, þá er möguleiki fyrir hann að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn.

Ath. Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir **F**.
Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.
Kennari getur í samráði við kennslustjóra útilokað nemanda frá lokaprófi vegna ófullnægjandi verkefnaskila hans í áfanganum.
Að öðru leyti vísast í almennar reglur skólans um námsmat.
Notkun farsíma í kennslustundum og lotuprófum er með öllu óheimil.

Áætlun um yfirferð og kennslu á önninni

<u>vika</u>	<u>kafla</u>	<u>síða</u>		
2.	1.	11-30		
3.-4.	2.-3.	31-70		
5.-6.	4.	71-85	Lotupróf 1	7. febrúar
7.-11.	5.	87-134	Vinnub. skilað	7. vika
12.-13.	6.	135-154	Lotupróf 2	28. mars
13.-14.	7.	155-172		
14.-15.	8.	173-187		
15.-18.	10.	221-235	Lotupróf 3	2. maí
19.	upprifjun			

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar á önninni.

F.Su. 4. janúar 2019. Með ósk um góðan árangur og gott samstarf.

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG)

Ólafur Bjarnason (ÓB)

Kennarar